



Starfsáætlun 2020

janúar 2020

AkureyrarAkademían

ISSN: 2298-8831

Formáli

AkureyrarAkademían (AkAk) er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var á grunni Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2014. Í maí 2015 undirrituðu AkAk og Mennta- og menningarmálaráðuneytið samstarfssamning, með hliðsjón af staðfestri skipulagsskrá stofnunarinnar.

Samningurinn við ráðuneytið er gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi AkAk. Hann leggur grunn að fjárhagslegum rekstri og gerir stofnuninni kleift að virkja hugmyndir sem skapast innan samfélagsins í AkAk, og hrinda þeim í framkvæmd.

Árið 2020 verður breytingaár hjá AkAk. Stofnunin er sem stendur í tímabundnu húsnæði að Glerárgötu 34 og hefur fest kaup á hentugu skrifstofurými í verslunarkjarnanum Sunnuhlíð. Á seinni hluta ársins verður staðið fyrir viðburði á LÝSU, rokkhátíð samtalsins og fyrirlestrum á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar.

Á starfsárinu mun AkAk kappkosta að styrkja enn frekar stöðu sína sem rannsókn- og fræðasetur á Norðurlandi líkt og undanfarin ár.

Stjórn og starfsmaður

Á ársfundi AkAk þann 29. maí 2019 var kosið í stjórn og fulltrúaráð. Starfsárið 2019-2020 eru eftirtaldir í stjórn:

Steinn Arnars Ólafsdóttir, formaður

Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri

Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Í fulltrúaráði sitja ásamt stjórnarmönnum:

Arndís Bergsdóttir

Martina Huhtamaki

Skafti Ingimarsson

Valgerður S. Bjarnadóttir

Kristín Heba Gísladóttir hefur starfað sem framkvæmdastjóri í 70% starfshlutfalli. Árið 2019 var Kristín í fæðingarorlofi í þrjá mánuði og hefur svo verið í 50% starfi eftir að hún kom aftur til starfa í desember. Nýverið sagði Kristín upp störfum og stendur nú yfir vinna við að ráða nýjan framkvæmdastjóra.

Enn er unnin mikil sjálfböðavinna innan stofnunarinnar bæði af stjórnarmönnum og fulltrúum innan AkAk. Lögð er áhersla á að þeir sem leigja vinnuástöðu í húsnæði AkAk starfi fyrir stofnunina til dæmis við undirbúning hinna ýmsu viðburða og dagleg störf innan veggja hússins.

Húsnæði

Undanfarin ár hefur ríkt mikil óvissa í húsnæðismálum AkAk. Stofnunin fékk í þrígang eins árs samning við Akureyrarbæ um leigu á húsnæði að Háhlíð 1. Í lok árs 2018 ríkti mikil ánægja í AkAk þegar gengið var frá þriggja ára samningi við bæjaryfirvöld um leigu á húsnæðinu. Í mars sögðu bæjaryfirvöld hins vegar upp leigusamningnum því ákveðið hafði verið að taka húsnæðið í notkun fyrir aðra starfsemi í maí. AkAk fluttist að Glerárgötu 34 þar sem frumkvöðlasetur á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar er starfrækt. Ljóst var frá upphafi að það væri einungis tímabundið húsnæði eða til loka febrúar mánaðar 2020. Forsvarsmenn stofnunarinnar áttu í viðræðum við Akureyrarbæ um hvort annað húsnæði væri laust á vegum bæjarins en svo var ekki. Einnig voru viðræður milli Akureyrarbæjar, AkAk, Háskólans á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöðvar og Mátis um mögulegt samstarf og samnýtingu á húsnæði en ekkert varð af því samstarfi. Fulltrúaráð ákvað að skoða kaup á skrifstofuhúsnæði þegar lögð hafði verið fram rekstraráætlun um rekstur stofnunarinnar í leiguhúsnæði á almennum markaði. Það var ljóst að stofnunin ætti mjög erfitt með að standa undir leigu á almennum markaði. Því var tekin ákvörðun um að kaupa 179 fermetra skrifstofuhúsnæði í verslunar- og þjónustukjarnanum Sunnuhlíð. Eignin verður afhent þann 15. febrúar næstkomandi og hefst þá vinna við undirbúning flutninga. Stofnunin mun flytja í lok febrúar.

Frá stofnun hefur AkureyrarAkademían leigt út vinnuaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn, meistara- og doktorsnema. Fastur kjarni sjálfstætt starfandi fræðafólks og doktorskandídata starfar í húsinu en aðrir staldra styttra við. Þegar stofnunin fluttist í tímabundið húsnæði að Glerárgötu voru einungis níu skrifborð sem hægt var að leigja út, en höfðu áður verið 12 í Árholti. Vinnuaðstaðan hefur ekki verið auglýst um þónokkuð skeið vegna þess að aðstaðan hefur verið fullnýtt. AkAk samdi við Nýsköpunarmiðstöð að taka einnig til notkunar vinnuaðstöðu í hluta frumkvöðlasetursins. Með þeim hætti var hægt að taka á móti þeim aðilum sem óskuðu eftir vinnuaðstöðu. Stjórn stofnunarinnar gerir ráð fyrir því að aðstaða verði fyrir a.m.k. 10-14 einstaklinga í nýju húsnæði í Sunnuhlíð auk framkvæmdastjóra.

Þeir fræðimenn og nemar sem starfa í húsnæði AkAk njóta félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir faglegrri aðstoð og ábendingum við störf sín. Það er ómetanlegt öllum fræðimönnum að geta viðrað hugmyndir sínar og aðferðir við samverkamenn sem stunda rannsóknir, jafnvel á óskyldum sviðum vísinda og fræða.

Verkefni starfsársins

ERINDI Í NÝJUM HEIMKYNNUM

Í febrúar flyst AkAk í nýtt húsnæði í verslunar- og þjónustukjarnanum Sunnuhlíð. Þar er starfrækt ýmiskonar verslun og þjónusta og reglulega eru haldnir viðburðir í kjarnanum. AkAk mun leita leiða til að taka þátt í þeim viðburðum sem eru í húsinu með það að markmiði að standa fyrir upplýsandi og áhugaverðum viðburðum um fræði og vísindi á mannamáli.

FYRIRLESTRARÖÐ Á ÖLDRUNARHEIMILUM AKUREYRARBÆJAR

Fyrirlestraröð Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi hófst á haustmánuðum 2007 og hefur verið fastur liður í starfinu síðan. Fjölbreyttur og breiður hópur fræði- og leikmanna hafa skipst á skoðunum um fræði og vísindi undir þessum formerkjum. Starfsárið 2016-2017 kviknaði sú hugmynd að breyta fyrirkomulaginu á fyrirlestraröðinni. Í gegnum tíðina hafa eldri borgarar á Akureyri og nágrenni verið áberandi hluti þeirra gesta sem sótt hafa fyrirlestra á vegum stofnunarinnar. Elstu íbúar byggðarlagsins, þeir sem búa á öldrunarheimilum, hafa hins vegar ekki haft tök á að mæta. Sú hugmynd kom því fram að bjóða opna fyrirlestra á heimilum þeirra, þar sem aðgengi er gott og öll aðstaða til fyrirmyndar. Framtakið vakti mikla ánægju meðal íbúa, starfsfólks og ekki síst þeirra fræðimanna sem tóku þátt í verkefninu. Árið 2020 verður fyrirlestraröð á Öldrunarheimilunum haldin í þriðja sinn og hefur AkAk hlotið styrk úr Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA og úr samfélagssjóði Norðurorku til verkefnisins.

LÝSA

LÝSA (áður Fundur fólksins) er lýðræðishátíð sem er ætlað að hvetja til lýðræðisþátttöku almennings og vera vettvangur þeirra sem vilja ræða málefni samfélagsins. Hátíðin er árlegur viðburður og var í fyrsta sinn haldin á Akureyri haustið 2017. Fyrsta árið stóð AkAk fyrir fræðslu um umhverfisvernd ásamt Umhverfisstofnun. Haustið 2018 stóð AkAk ásamt Virk, Háskólanum á Akureyri og Akureyrarbæ fyrir málþinginu „Kulnun er ekki einkamál!“. Haustið 2019 tók AkAk ekki þátt vegna fæðingarorlofs framkvæmdastjóra en gert er ráð fyrir að AkAk muni standa fyrir viðburði eða fræðslu á LÝSU 2020.

ENDURNÝJUN SAMNINGS VIÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Grunnforsenda starfs AkAk er samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tryggir stofnuninni fjármagn og hefur starfsemin vaxið og dafnað frá því að hann var gerður árið 2015. Fjármagnið gerir stofnunni kleift að hafa framkvæmdastjóra í vinnu en umfang starfseminnar er mun meira en hægt er að krefjast af fólki í sjálfböðastarfi. Það er því ljóst að framtíð stofnunarinnar er háð endurnýjun samningsins við ráðuneytið sem ráðgert er að ljúka í upphafi ársins.

SAMSTARFSSAMNINGUR AKAK OG HA

Þann 17. maí 2017 undirrituðu AkAk og Háskólinn á Akureyri nýjan samstarfssamning sem gildir til þriggja ára. Samstarfssamningurinn felur í sér skuldbindingu til að standa fyrir að minnsta kosti einni sameiginlegri ráðstefnu á samningstímanum. AkAk veitir nú HA upplýsingar um þá aðila sem starfa innan AkAk fyrir upphaf hverrar annar og er það liður í hinum nýja samstarfssamningi að auka upplýsingaflæði milli stofnananna svo betur sé hægt að nýta þá sérfræðipækkingu sem til staðar er á svæðinu. Á starfsárinu verður óskað eftir endurnýjun samningsins.

SAMSTARFSSAMNINGUR AKAK OG REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR (RA)

AkAk og ReykjavíkúAkademían (RA) hafa átt gott samstarf á liðnum árum. Árið 2018 var í fyrsta skipti gerður formlegur samstarfssamningur milli stofnananna. Með honum er fest í sessi að þeir sem leigja vinnuáðstöðu í AkAk geta fengið tímabundna áðstöðu í RA sér að kostnaðarlausu og það sama gildir um þá sem starfa í RA.

VEFSÍÐA

Stjórn AkAk hefur lagt mikla áherslu á að efla og viðhalda vefsíðu stofnunarinnar og hefur hún verið tekin til gagnerrar endurskoðunar. Á vefsíðunni eru upplýsingar um stofnunina, innanhúsfólk, vinnuáðstöðu, stjórn, fulltrúaráð o.fl. Auk þess er vefsíðan nýtt til að koma á framfæri þeim viðburðum sem stofnunin stendur að og verkefnum sem unnin eru.

UMHVERFISVERND

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að leita allra leiða til að auka umhverfisvitund meðal innanhúsfólks í AkureyrarAkademíunni og búa þannig um hnútana að starfsemi stofnunarinnar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Sorp er flokkað, fylgst er með magni sorps sem frá stofnuninni kemur og lögð er áhersla á að endurvinna eins mikið og kostur er. Lögð hefur verið áhersla á að nota eingöngu umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur, auk þess að spara vatn og rafmagn. Stofnunin hefur tekið þátt í lýðheilsuverkefnum „Hjólað í vinnuna“ og með því hvatt til þess að nota heilsusamlega og umhverfisvæna ferðamáta. Fulltrúar eru hvattir til að hafa augun opin og koma með fleiri tillögum um aukna umhverfisvernd. Innan AkAk starfa margir aðilar til lengri eða skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfisvernd.

ÞJÓNUSTA VIÐ LEIGJENDUR

Innan stofnunarinnar er sífellt verið að leita leiða til að auka þjónustu við þá aðila sem leigja vinnuáðstöðu. Doktorsnemar eru starfandi innan stofnunarinnar og sökum búsetu sinnar hafa þeir ekki jöfn tækifæri á að sækja doktorsvarnir líkt og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið hefur verið að AkAk bjóði þeim sem undirbúa doktorsvörn að æfa sig innan stofnunarinnar áður en vörnin fer fram þar sem doktorskandídatinn flytur erindi sitt. Í kjölfarið er doktorskandídatinn spurður út í verkið og honum gefinn góð ráð.

